

prófessorsembætti við lagadeild Háskóla Íslands, báðum frá 1. janúar 1978 að telja fyrir aldurs sakir.

S. d. var dr. theol. Einar Sigurbjörnsson skipaður prófessor við guðfræðideild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1978 að telja.

Nr. 484.

## SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

### Sendiherrar.

2. febrúar afhenti hr. S. Motahar Hussein forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Pakistans á Íslandi með aðsetri í Berlín. Um leið lét hr. Jamsheed K.A. Marker af störfum sem sendiherra Pakistans á Íslandi.

29. mars afhenti Chevalier Pierre Anciaux Henry de Faveaux forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Belgíu á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Etienne Harford af störfum sem sendiherra Belgíu á Íslandi.

27. apríl afhenti hr. Hans-Conrad Cramer forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Sviss á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Roy H. Hunziker af störfum sem sendiherra Sviss á Íslandi.

3. maí afhenti hr. Arthur Grant Campbell forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Kanada á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Kenneth D. McIlwraith af störfum sem sendiherra Kanada á Íslandi.

S. d. afhenti hr. Francis Mahon Hayes forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Írlands á Íslandi með aðsetri í Kaupmannahöfn. Um leið lét hr. Dermot Patrick Waldron af störfum sem sendiherra Írlands á Íslandi.

14. júní afhenti hr. Erdem Erner handhöfum forsetavalds í veikindaforföllum forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Tyrklands á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. C.S. Hayta af störfum sem sendiherra Tyrklands á Íslandi.

20. júní var hr. André T. de Mesquita veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Brasilíu á Íslandi með aðsetri í Osló.

8. júlí var hr. G.G. Swell veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Indlands á Íslandi með aðsetri í Osló.

20. júlí afhenti hr. Janus A.W. Paludan forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Danmerkur á Íslandi. Um leið lét hr. Sven Aage Nielsen af störfum sem sendiherra Danmerkur á Íslandi.

S. d. afhenti hr. Denzengin Tzerendondov forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem fyrsti sendiherra Mongólíu á Íslandi. Sendiherrann hefur aðsetur í London.

S. d. afhenti dr. Ernst Luegmayer forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Austurríkis á Íslandi með aðsetri í Kaupmannahöfn. Um leið lét frú Hedwig Wolfram af störfum sem sendiherra Austurríkis á Íslandi.

21. september afhenti hr. Joseph B. Zakbar erkibiskup forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem fyrsti sendiherra Vatikanríkisins á Íslandi. Sendiherrann hefur aðsetur í Danmörku.

S. d. afhenti hr. Fernando Jose Reino forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Portúgals á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Carlos Alberto Empis Wemans af störfum sem sendiherra Portúgals á Íslandi.

S. d. afhenti hr. Hassan Mustafa Al-Nakib forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem fyrsti sendiherra Íraks á Íslandi. Sendiherrann hefur aðsetur í Stokkhólmi.

S. d. afhenti hr. Juan Pellicer López forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Mexíkó á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét dr. Eduardo Jiménez-Gonzáles af störfum sem sendiherra Mexíkó á Íslandi.

11. október afhenti hr. Samuel Maxwell Adu-Ampoma forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem fyrsti sendiherra Ghana á Íslandi. Aðsetur sendiherrans er í Kaupmannahöfn.

S. d. afhenti hr. Werner Krause forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Alþýðulýðveldisins Þýskalands á Íslandi með aðsetri í Osló. Um leið lét hr. Peter Hintzmann af störfum sem sendiherra Alþýðulýðveldisins Þýskalands á Íslandi.

25. október var hr. Bashkim Dino veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Albaníu á Íslandi með aðsetri í Stokkhólmi.

3. nóvember var hr. Chet Navarat veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Thailands á Íslandi með aðsetri í Kaupmannahöfn.

1. desember var hr. Jerzy Roszak veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Póllands á Íslandi með aðsetri í Osló.

### Ræðismenn.

8. mars var Eyjólfur Martinssyni veitt viðurkenning sem kjörræðismanni Danmerkur í Vestmannaeyjum.

S. d. var Lawrence M. Grossmann veitt viðurkenning sem ræðismanni Bandaríkja Ameríku í Reykjavík.

26. apríl var Davíð Sch. Thorsteinssyni veitt bráðabirgðaviðurkenning sem kjörræðismanni Írlands í Reykjavík.

31. maí var Davíð Sch. Thorsteinssyni veitt viðurkenning sem kjörræðismanni Írlands í Reykjavík.

8. júlí var Arnold J. Croddy jr. veitt viðurkenning sem vararæðismanni Bandaríkja Ameríku í Reykjavík.

27. júlí var Michael Kendall veitt viðurkenning sem ræðismanni Bretlands í Reykjavík.

12. ágúst var Calvin M. Konner veitt viðurkenning sem ræðismanni Bandaríkja Ameríku í Reykjavík.

29. september var Thomas J. Scanlon veitt viðurkenning sem ræðismanni Bandaríkja Ameríku í Reykjavík.

6. október var Gunnari Sverri Ragnars veitt viðurkenning sem kjörræðismanni Noregs með vararæðissigli á Akureyri.

10. nóvember var Þorgrími Þorgrímssyni veitt bráðabirgðaviðurkenning sem kjörræðismanni Chile í Reykjavík.

Nr. 485.

## SKRÁ

### um ný hlutafélög samkvæmt Lögbirtingablaði 1977.

	Tbl. nr.
Akureyri hf., Akureyri .....	28
Akurvík hf., Akureyri .....	109
Almennar Líftryggingar hf., Reykjavík .....	83
AMC á Íslandi hf., Reykjavík .....	109
Árbær hf., Reykjavík .....	41
Árfell hf., Reykjavík .....	10
Árskógar hf., Reykjavík .....	70
Áshamar hf., Vestmannaeyjum .....	13
Ástþór Magnússon heildverslun hf., Reykjavík .....	10
Auglýsingatækni hf., Reykjavík .....	92
Auglýsingaþjónustan hf., Reykjavík .....	104
Axel Pálsson hf., Keflavík .....	4